

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 328

nóvember 2021



We Serve

Nóvember 2021. Blað nr. 328

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMÐÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionssskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMÐÆMISRÁÐ FJÖLUMÐÆMIS 109

Starfsárið 2021 – 2022

Fjölumðæmisstjóri: Porkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Umdæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney

Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Vara fjölumðæmisstjóri: Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðarr

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-

þjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun):

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Lestraráttaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjóri: Hördur

Sigurjónsson, Lkl. Njórdur

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna):

Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransordunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik


Fjölumðæmisstjórn:



Porkell Cýrusson, fjölumðæmisstjóri. Porkell er félagi í Lionsklúbbum Viðari. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kelicyr@gmail.com



Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, umdæmisstjóri 109 A. Þóra Bjarney er félagi í Lionsklúbbnum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: torabg16@gmail.com



Anna Fr. Blöndal, umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simmet.is

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Víðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Fríðrik Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2021 – 2022:

International President: Douglas X.

Alexander, USA

Immediate Past President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

First Vice President: Brian E. Sheehan,

USA

Second Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

Third Vice President: Fabricio Oliveira,

Brasilíu

Second Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell,

United States;

SamPATH Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

First Year Directors:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tjerina; deb Weaverling,

United States;

John W. Youney, United States.

Netbláð

Umbrot: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Sigfríð Andradóttir –

Porkell Cýrusson og Sigþór

Hallfreðsson undirrita

samstarfsfyrirlýsingun.



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er annað tölublað starfsársins komið út. Þetta blað er aðeins gefið út á neti og eintak sent í tölvupósti til allra félaga.

Þegar þetta er skrifað hefur blessuð veiran sótt í sig veðrið og leggur marga í rúmið eins og er. Sem betur fer virðast flestir verða minna veikir í þessari bylgju en þeim fyrri en engu að síður þurfum við öll að fara með gát og huga að persónulegum sóttvörnum.

Því miður hafa ekki borist margar greinar í blaðið að þessu sinni hver svo sem ástæðan sé fyrir því. Bláðið okkar stendur og fellur með okkur kærur lionsfélagar og ef við viljum halda áfram að fá blað í hendur þá þurfum við að gefa

því fóður með því að senda greinar og myndir í það.

Vonandi eru flestir klúbbbar komnir í fulla starfsemi aftur og byrjaðir að endurvekja verkefni sín til að ná inn sjóðum til góðra verka.

Nokkrar áhugavekjandi greinar eru í þessu blaði og hvet ég ykkur kærur félagar til að lesa þær vel. Ég ætla sérstaklega að nefna grein um opnun augnlæknastöðvar í Vestmannaeyjum sem var mikið þrekvirkni sem Lionsklúbbur Vestmanneyja stóð fyrir. Þetta ætti að sýna okkur að flest er hægt ef viljinn er fyrir hendi og margir vilja leggja hönd á plóginn. Eins hvet ég ykkur til að lesa grein um heimsókn alþjóðaförsta Lions, Douglas X. Alexander, sem verður nú í nóvember.

Að öðru leyti er efni í þessu blaði er hefðbundið en því miður vantar enn töluvert upp á greinaskrif frá klúbbum en ég vona svo sannarlega að það breytist þegar starfið fer af stað fyrir alvöru.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska ykkur öllum góðs og árangursríks starfsárs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simmet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Við erum Fjölskylda

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru Lionsfélagar
Allir sem þekkja mig vita, að ekkert er mér mikilvægara en fjölskyldan. Fjölskyldan fyrst. Það er mitt motto. Þegar einhverjir segja við mig að þeir geti ekki mætt á viðburð vegna anna í fjölskyldunni, þá segi ég þeim, „auðvitað, farðu og vertu með fjölskyldunni.“ Gæðatími með ástvinum okkar gefur okkur þann styrk sem við þurfum til að getað farið út og miðlað til annarra. Við getum ekki uppfyllt óskalista annarra ef okkar eigin listi er tómur.

Samt sem áður er Lions einskonar fjölskylda, reglulega stór fjölskylda með allskonar frændum og frænkum og langur listi af sögum til að deila. Ég er hreykinn af að vera í lions-fjölskyldunni. Ég óska þess sama fyrir lions-félagana og ég geri til dætra minna og barnabarna, að allir séu við góða heilsu, nú og til framtíðar.

Heilsan er samt sá hlutur sem ekki er gefin. Það eru margar hliðar á góðri heilsu, og okkar hlutverk í Lions er að fósra þær allar; hug, líkama og kraft.

Við styrkjum hugann með því styðja við skóla í heimabyggð og útvega tæki og tól svo börnin geti lært og þrífist. Og við styðjum líkamlega heilsu með því að fræða nágrenni okkar um nauðsyn þess að borða og hreyfa sig. Við virkjum mikinn kraft með því standa og vinna saman í þjónustu okkar. Vegna þess að með því að leggja lið, gleður sannarlega andann og með því að hjálpa öðrum þá hjálpum við okkur sjálf.

Nú, þegar við nálgumst tíma hátíðar með fjölskyldu og samveru, þá munið að þið eigið alltaf heimili í Lions. Þegar þú ert með lionsfélögunum, þá ertu með fjölskyldunni.

Ykkar til þjónustu.

*Douglas X. Alexander alþjóðaforseti
Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson*



Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Ellefú félagar úr Lionsklúbbi Ólafsvíkur mættu í skógrækt Ólafsvíkur á síðasta sunnudag í blíðskapar veðri til að taka þátt í átakinu að breiða út birkiskóga landsins. Var þetta þriðji fundur starfsársins 2021-2022 og var hann vinnufundur, fengu félagarnir gest á fundinn Önnu F. Blöndal umdæmisstjóra 109B en Anna er félagi Lk1Ylfa á Akureyri. Týndir voru rúmlega 15 lítrar af fræjum sem eru þurrkuð, verður þeim svo dreift á völdum stöðum í bæjarfélaginu á næstu dögum. Að lokinni tínslu var komið að kaffi og kleinum sem Anna bauð upp á og kynnti starf sitt, skapaðist mikil umræða um lionshreyfinguna og það góða starf sem klúbbarnir eru að vinna að.



Skilafrestur á efni í næsta blað er 2. desember

Starfsárið komið vel á veg

Anna Fr. Blöndal

DG 109 B



kenningu fyrir allir félagar klúbbs hafi fengið slíka viðurkenningu. Allar heimsóknirnar skemmtilegar og fræðandi fyrir mig. Það er áhugavert að sjá hvað menning og siðir klúbbanna eru mismunandi – hver og einn með sinn karakter ef svo má segja – en tvennt er áberandi í hverjum og einum og það er vináttann og léttleikinn sem einkennir fundina.

Við ræddum líka félagamál og nauðsyn þess að hreyfing sé í félagahópnum og að nýjrir félagar bætist í hópinn helst á hverju ári. Það hættulegasta fyrir klúbba er að það sé engin endurnýjun. Það er eðlilegt að einhverjir hætti en þá þurfa aðrir að koma í staðinn. Allir eru meðvitaðir um þetta og hjá öllum klúbbum voru nýjir ýmist nýjrir félagar rétt komnir inn eða áætlanir um að bjóða líklegum. Féлага-

fjölgun er ekki einungis á ábyrgð stjórnar heldur allra félaganna, hver og einn þarf að skoða sitt tengslanet, ættingja, vini og vinnufélaga hvort þar leynist ekki framtíðar lionsmaður eða kona að bjóða að taka þátt í skemmtilegu og gefandi starfi. Nú er fyrri hálfleikur í heimsóknum búinn og ég hlakka þess seinni. Takk lionsfélagar.



Markmið númer eitt þetta ár var að klúbbstarfið færi af stað eins og áður en lítil sem engin starfsemi í eitt og hálf ár gat allt eins orðið þess valdandi að erfitt yrði að ná upp fyrri damp.

Ég er komin vel á veg með heimsóknir í þá klúbba í umdæminu sem ég heimsæki. Heimsóknir í klúbba var megin ástæða þess að ég ákvað að segja já þegar mér var boðið að verða umdæmisstjóri í 109B. Það er heiður að vera treyst fyrir slíku embætti. En nú að klúbbunum. Það hefur komið mér ánægjulega á óvart krafturinn og orkan í lionsfélögum í þeim klúbbum sem ég hef heimsótt eða haft samband við til þessa þannig að það hefur verið orðin uppsöfnuð þörf meðal lionsfélaga að taka til óspilltra málanna.

Ég vil þakka öllum félögum þessara klúbba fyrir ánægjulega samveru og hlýjar móttökur. Ég hef átt þess kost að taka þátt hefðbundnum klúbbfundum, þema fundum, fyrsta fundi starfsárs, taka þátt í verkefni með klúbbi. Einnig taka þátt í að afhenda tíu Melvin Jones viðurkenningar og afhenda 100% fána sem viður-



Haustbyrjun hjá Ylfu Akureyri



Haustið 2014 byrjaði Lkl.Ylfa á því verkefni Lað bjóða börnum af erlendum uppruna aðstoð við íslensku. Framan af gekk mjög vel og við tókum á móti börnunum á Amtsbókasafninu og eins fórum við heim til krakkanna. En svo fjaraði undan og börnunum fækkaði en í staðinn kom fullorðið fólk. Þetta var afar skemmtilegt verkefni og við kynntumst fólki víðs vegar úr heiminum. Þegar svo var komið að varla nokkurt barn kom lengur þá sáum við að eitthvað yrði að breytast. Svo kom Covid og vitaskuld var þá sjálfhætt. Í sumar fórum við svo að athuga hvert framhaldið ætti að vera. Allar vildum við halda áfram en þá eingöngu að þjónusta börn. Nú í haust höfðum við samband við skólaskrifstofu Akureyrarbæjar og Alþjóðastofu og úr varð að bjóða börnum upp á aðstoð við heimalestur. Þó svo að við lítum helst til barna af erlendum uppruna þá er ekkert að því að taka á móti íslenskum börnum líka. Amtsbókasafnið er svo elskulegt að bjóða okkur aðstöðu og 3 til 5 Ylfur er „vakt“ hvern þriðjudag milli hálf fimm og hálf sex.

Ylfur lögðu sitt að mörkum við að safna birkifræjum og var notaður svo til þurr dagur til verksins. Safnað var á „lóð“ einnar klúbb-systurinnar. Auðvitað var svo kaffi og með því á eftir.

Ein af fjáröflunarleiðum í félagsjóð er bókaskiptimarkaður. Ylfur gefa bækur, oft kiljur, og kaupa svo á 500/1000 kr.

Í fyrra tóku Ylfur upp á því að hafa hrekkjavökupema á októberfundinum. Sá fundur tókst mjög vel og var því ákveðið að halda samskonar fund núna í október. Undirbúningsnefnd skreytti salinn í hrekkjavökuanda og Ylfur mættu í ýmsum búningum misblóðugum. Við teljum það afar mikilvægt að hafa fjölbreytta fundi bæði hvað skemmtun og fróðleik varðar. Myndirnar tala sínu máli.

Gerður Jónsdóttir upplýsingafulltrúi Ylfu Akureyri



Hugleiðing frá fjöllumdæmisstjóra

Porkell Cýrusson

fjöllumdæmisstjóri MD109



Nú loksins þegar starfsemin er að taka við sér í lionsklúbbum landsins þá fjölga smitum aftur í landinu og eru nú, þegar þetta er skrifað, í nokkuð miklum hæðum. Ekki ætla ég að koma með fyrirmæli til ykkar kærar félagar um hvernig þið eigið að bregðast við þessari staðreynd þá verður hver og einn klúbbur að gera upp við sig. Það eina sem ég ráðlegg ykkur er að fara varlega og nálgast þennan vágast með varúð og fullri virðingu því hann lætur engan vera og enginn veit hvernig hann mun leika okkur.

Ýmislegt hefur á daga fjöllumdæmisstjóra drifið frá því að ég skrifaði í síðasta lionsblað og ætla ég að nefna nokkur atriði hér til að upplýsa ykkur um starfið. Umdæmisstjóraráð

(Fjöllumdæmisráð eins og sumir nefna það), fjöllumdæmisstjóri og umdæmisstjórar 109 A og B, hittast reglulega og bera saman bækur sínar. Það var ákveðið á fundi okkar síðast að mæla með því að klúbbar færu ekki í það að mæla blóðsykur þetta árið vegna smithættu og fengum við ráðleggingar frá Þórólfi sóttvarnalækni vegna þessa. Við munum ekki fara fram á að klúbbar geri þetta ekki en mælum með því.

14. október síðastliðinn á alþjóðlega sjónverndardaginn var undirritaður samstarfsyfirlýsing Lions á Íslandi og Blindrafélagsins vegna Rauðu fjaðrar söfnunarinnar sem að þessu verður tileinkuð „Leiðsöguhunda verkefni Blindrafélagsins“. Þessu verkefni verður stýrt af sameiginlegri verkefnastjórn Lions og Blindrafélagsins og unnið með þátttöku félaga og starfsmanna beggja aðila. Það er vona okkar að þið kærar lionsfélagar takið vel undir þetta verkefni og við stöndum öll saman að safna sem mestu af peningum í það svo hægt verði að bæta lífsgæði fleiri blindra og sjónskertra á Íslandi með því að afhenda þeim blindrahund til afnota.

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, Douglas X. Alexander, er væntanlegur til Íslands í þessum mánuði ef ekkert verður til að hefta för hans. Skipulag heimsóknar hans er í fullum gangi og hef ég haft með mér úrvalsfólk í því og á það miklar þakkir skildar fyrir þeirra hlut. Dagskrá hans hér verður hefðbundin, hann heimsækir forseta Íslands, skoðar Helligheidarvirkjun, gróðursetur tré í

forsetalundi hjá Lionsklúbbnum Ásbirni í Hafnarfirði, heimsækir Sjónlag og skoðar þau tæki sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja stóð fyrir söfnun á og keypti fyrir augnlæknastofu í Vestmannaeyjum sem er beintengd Sjónlagi (sjá grein hér í blaðinu), heimsækir Björgunar-sveit Hafnarfjarðar svo fátt eitt sé nefnt. Eitt ætla ég þó að nefna, þriðjudaginn 16. nóvember verður opið hús í Lionsheimilinu á milli 17:00 og 19:00 þar sem lionsmönnum gefst kostur á að hitta alþjóðaforseta og hvet ég alla lionsfélaga til að koma í lionsheimilið í Hlíðasmára og hitta hann.

Undirbúningur fyrir NSR þingið sem verður í Reykjavík 21. – 23. janúar 2022 er í fullum gangi af undirbúningsnefnd þess. Sú vinna er vel á veg komin og við reiknum með staðarþingi eins og staðan er nú í sóttvarnareglum. Fljótlega kemur upp síða á lions.is þar sem dagskrá verður kynnt. NSR þingið er opið öllum félögum í Lions og hvet ég ykkur til að kynna ykkur vel dagskránnar og mæta á þá viðburði sem þið kunnið að hafa áhuga á.

Næsti umdæma- og fjöllumdæmisfundur er áætlaður 27. nóvember nk. Þessir fundir eru hefðbundnir og verða auglýstir síðar bæði á Facebook (Lions Mál) og á heimasíðu Lions.

Að lokum hvet ég okkur öll að gæta vel að sóttvörnum og fara vel með okkur því sú vísa er aldrei of oft kveðin. Ég vona að okkur farnist öllum vel í störfum okkar á hvaða vettvangi sem það kann að vera.

Fréttir frá Lionsklúbbi Grindavíkur



Frá okkur er það að fréttu að starfið er komið á fulla ferð. Fyrsti fundur hjá okkur var 21. sept.. Á þeim fundi voru afhent embættisbréf og spjallað um starfið framundan.

2. fundur hjá okkur var 5. okt. og á þann fund kom til okkar Þorvaldur Þórðarson prófessor í eldfjallafræði og fræddi hann félagsmenn um gosið við Fagradalsfjall. Erindið

var hreint út sagt fráþætt og fékk hann fjöldann allan af fyrirspurnum. Þetta var sjálfsagt og eðlilegt að fá hann til okkar enda eldgosíð svo til við bæjardyrnar hjá okkur.

Fundurinn var ansi fjölmennur og m.a. mætti á fundinn Erling Einarsson sem kom til baka en hann hefur ekki verið í klúbbnum síðan 2010, mikill reynslubolti.

Næsti fundur hjá okkur er 22. okt. en þá verður haldin sviðamessa og þá verðum við í glæsilegum sal á Kaffihúsinu Bryggjan meira um það síðar.

Lionskveðjur
Gunnar Vilbergsson
ritstjóri uppl. nefndar

LCIF styrktarfélagi



Upp til hópa erum við lionsfélagar mjög viljugir til að láta gott af sér leiða og sýna það svo sannarlega í verki. Tökum virkan þátt í verkefnum klúbbanna og einnig á landsvísi. Lionsfélagar eru heldur engir eftirbátar þegar kemur að því að styðja persónulega við önnur líknarfélög eða félagasamtök. Við gerum það með föstum mánaðarlegum framlögum, kaupum á happadrættismiðum og með fjölmörgum öðrum leiðum. Við erum jafnvel að styðja mörg félagasamtök með þessum hætti.

Það einkennilega er að við erum almennt frekar treg til styðja með persónulegum framlögum við okkar eigin hjálparsjóð, Lions Clubs International Foundation.

Alþjóðahjálparsjóð Lions sem vinnur að líknarverkefnum um allan heim í okkar nafni, sjóð sem er mjög virtur meðal alþjóðlegra stofnana, sjóð hefur verið tilefndur til Friðarverðlauna Nobels og fengið hæstu mögulegu einkunn fjölda eftirlitsstofnana.

Nú eru 18 lionsfélagar mánaðarlegir styrktarfélagar á Íslandi. Framlöggin eru að sjálfsögðu mishá eða á bilinu \$10 – \$100. Auk þess eru nokkrir félagar sem greiða ákveðna upphæð einu sinni á ári. Það er óhætt að segja að þessi framlög skipta verulega miklu máli því safnast þegar saman kemur.



Hverju geta \$10 áorkað

Það er ekki svo lítið sem hlægt er að gera fyrir andvirði 1,5 kaffibolla á mánuði í eitt ár.

- Sjónvernd, útvegað 2 aðgerðir við ský á auga.
- Ungmennamálefni, útvegað Lions Quest kennslu efnið fyrir heilan árgang í skóla.
- Sykursýki, útvegað blóðsykursmælingu fyrir 200 manns.
- Mislingar, útvegað bólusetningu gegn mislingum fyrir 100 börn.
- Náttúruhamfarir, útvegað neyðarbúnað fyrir 4 einstaklinga vegna náttúruhamfara.
- Umhverfisvernd, útvegað vatnsbrunn með hreinu vatni til frambúðar fyrir lítið þorp.
- Krabbamein barna, útvegað búnað til að greina krabbamein hjá börnum.
- Hungur, útvegað mat fyrir 14 einstaklinga í einn mánuð.

Verum með

Mest um vert er að sem flestir taki þátt og geri eins vel og þeir sjá sér fært. Jafnvel þó framlögin séu ekki há, þá gera þau gagn. Margt smátt gerir eitt stórt.

Sýnum í verki hve sterk við íslenskir Lionsfélagar raunverulega erum.

Þitt framlag skiptir máli.

Kristinn Hannesson



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Evrópu Þing Lions

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions
Varaform. Alþjóðahjálparsjóðsins



Europa Forum

Evrópu þing Lions var haldið í Þessalóníkú í Grikklandi dagana 7.-9. október 2021.

Vegna heimsfaraldurs féll Evrópu þingið niður í fyrra, en rafrænt þing var haldið í staðinn í október 2020. Síðasta þing þar áður, var því í Tallinn, Eistlandi í október 2019. Þátttakan núna var minni en venjulega, eða 625 manns, þar sem margir vildu fara varlega í ferðalögum og mannamótum. Engu að síður, mög gott þing, vel að öllu staðið og gestgjöfum til mikils sóma.



Hybrid þing: staðabundið og rafrænt

Þar sem ljóst var að þátttaka yrði minni, brugðu skipuleggjendur á það ráð að bjóða hluta af dagskránni rafrænt. Ekki var unnt að bjóða upp á allt þingið sem slíkt, þar sem 6-8 viðburðir voru á sama tíma og mörg þeirra þýdd á 5 tungumál, en alls voru yfir 85 viðburðir á þinginu. Allmargir tóku þátt rafrænt, frá mörgum heimshlutum. Það var skemmtilegt að geta deilt nýjustu og mikilvægum upplýsingum svona víða. Hægt er að skoða og hlaða niður myndum af þinginu á vefsíðu: <https://europaforum2021.gr/>



COVID öryggi

Allir vita um heimsfaraldurinn og enginn er hissa á nálægðarmörkum og grímuskyldu. Það var líka augljóst að Grikkir tóku þetta alvarlega og þinghaldarar fóru stift efir öllum reglum. Allir staðir sem voru notaðir, þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði og enginn fór inn á hótél, veitingastaði eð þinghöllina án þess að láta skanna bólusetningarvottorðið. Á fundunum var vörður sem sóththreinsaði hljóðnema og ræðupúlt eftir hvern ræðumann, o.s.frv. Hvergi gefinn afsláttur. Þetta var ekki til vandræða, allt gekk snuðrulaust fyrir sig og skapaði öryggistilfinningu.



Norrænt samstarf

Fjöllumdæmisstjóri og fleiri íslenskir lionsfélagar eða embættismenn sem oftast mæta á Europa Forum, áttu ekki heimangengt að þessu sinni. Suma fundina var hægt halda rafrænt, meðal annars fund fjöllumdæmisstjóra Norðurlandanna, sem Þorkell Cýrusson og Jón Pálmasson stýrðu með glæsibrag. Þar var meðal annars kynnt NSR á Íslandi í janúar 2022. Mikill áhugi er fyrir þessum árlega viðburði og Ísland alltaf spennandi staður. Að þessu sinni ríkti samt ákveðin óvissa; hvernig verður staðan í janúar, getum við ferðast og fundað? En allir voru opnir fyrir nýjum leiðum og sveigjanleika í samstarfinu.



Atkvæðagreiðsla

Á Europa Forum er fjölbreytt dagskrá, flutt erindi, haldin námskeið, nefnda- og vinnufundir, kynningar á verkefnum, skemmtanir og mannamót til að styrkja vináttuna, samstarfið og tengslanetið. En ekki bara það, heldur eru teknar ýmsar ákvarðanir á sérstökum þingfundum, um viðfangsefni sem styrkja lionsstarfið í Evrópu. Hvert Evrópuland á eitt atkvæði, óháð fjölda félaga; hvort sem þeir eru 500 eins og í sumum löndum Austur Evrópu, eða 50.000, eins og í Þýskalandi. Að þessu þingi voru 12 tillögur til afgreiðslu. Allar voru samþykktar, 11 með öllum greiddum atkvæðum, ein með naumum meirihluta. Tillaga sem var umdeild, var vegna orðalags á yfirlýsingu, sem gat verið villandi. Fjöllumdæmisstjórar eru venjulega þeir sem sitja þessa fundi og greiða atkvæði, en í fjarveru okkar fjöllumdæmisstjóra greiddi Jón Bjarni atkvæði Íslands.



Friðarveggsþjald 2021 frá Ítalíu

Þema þingsins: Heimsfriður

Allir gestafyrirlesarar á opunarhátíð og ráðstefnuslitum, ráðherrar, borgarstjórar og aðrir háttsettir töluðu um heimsfriðinn. Þemafundurinn hét: „Hinn þröngi vegur að heimsfriði“ og var undirrituð aðalfyrirlesarinn. Þetta var skemmtilegt viðfangsefni og gaf mikla möguleika á útfærslu. Eins og allir Lionsfélagar vita er friður rauði þráðurinn í okkar hugsjón og markmiðum; að stuðla að friði og efla anda skilnings meðal þjóða heims.

Má nefna verkefni sem við vinnum með börnum og ungmennum, svo sem Friðarveggspjaldið, Lions Quest og ungmennaskipti. LCIF hefur verið tilnefnd til Friðarverðlauna Nóbels, sem er mikill heiður og viðurkenning fyrir okkur. Lions styður og vinnur að Sjálfbærni markmiðum Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal um frið og réttlæti.



6. Markmið SP

Vatn - WaSH

Eitt af sameiginlegum verkefnum Lions í Evrópu, er WaSH. Nafnið er skammstöfum á "Water, Sanitation, Hygiene" sem fylgir Sjálfbærni markmiðum Sameinuðu þjóðanna um hreint vatn og hreinlætisaðstöðu; að tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu. WaSH-verkefni Lions í Evrópu snúa að Afríku, en þar er áskorunin mikil. Evrópu Lions styrkja fjölda verkefna í Afríku, bæði með fjáröflun innan hvers land og með stuðningi LCIF. Ég var stolt af því að vera beðin um að vera aðalfyrirlesari á þessum fundi, og að vera þáttakandi í svona metnaðarfullu verkfeni.



World Health Organization

WHO, Alþjóða heilbrigðismálastofnunin

Einn af stóru fundunum á EF/þingun var um samstarf Lions við Sameinuðu þjóðirnar á mörgum sviðum og sérlega við Alþjóða heilbrigðismálastofnunina, WHO. Ég fékk nýtt hlutverk í ár sem fyrrverandi forseti, en það er að vera fulltrúi Lions hjá WHO. Það er spennandi og krefjandi verkefni, en opnar nýja sýn á marga hluti. Ég hef nú þegar setið fjóra alþjóðlega rafræna fundi með WHO og fulltrúum þeirra víða um heim. Á Europa Forum var ég með stóra kynningu á þessu samstarf, hvernig það hefur verið síðustu 30 árin, hvað við erum að vinna að í dag og hvað er framundan til 2030. Markmiðið er að efla og útvíkka samstarf Lions og WHO, en það hefur hingað til verið aðallega við verkefni LCIF á svið sjónverndar og blindu, en er nýverið farið að ná til sykursýki og krabbameins barna. Þarna er Lions enn og aftur að vinna að Sjálfbærni markmiðum Sameinuðu þjóðanna, en saman eru við sterkari.



LCIF

Alþjóðahjálparsjóðnum voru gerð góð skil á þinginu, margir fyrirlestra og vinnufundir. Þakkað var fyrir rausnarleg framlög til LCIF og voru umdæmi, klúbbar og einstaklingar sérstaklega heiðraðir á lokafundi þingsins. Ég var mjög stolt að sjá nöfn allra Módel Klúbba á Íslandi á skjánum á stóra sviðinu, en þeir eru fyrirmynd annara klúbba í alþjóðlegum stuðningi. Það var líka skemmtilegt að sjá, að af þeim fjórum félögum með hæstu persónulegu framlögum til LCIF voru tveir Íslendingar; þar að auki einn Norðmaður, svo Norðurlanda Lions eru heldur betur að standa sig. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum íslenskum Lionsfélögum, klúbbum og umdæmum fyrir glæsilegan stuðning við sjóðinn okkar allra, LCIF og stóra fjáröflunarátakið okkar Campaign 100.

Guðrún Björt Yngvadóttir



Lions Clubs International
FOUNDATION



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Segðu já – Málþing lionskvenna í Sandgerði 25. október


25. október hittust um 60 lionskonur frá 15 klúbbum á frábærlega vel skipulögðu og skemmtilegu málþingi. Markmið þingsins var að hvetja konur til að sækja fram, styrkja tengsl milli lionskvenna, fræðast um starfsemi klúbbanna og hvetja til fjölgunar kvenna í hreyfingunni á Íslandi.

Bergný Jóna Sævarsdóttir sviðsstjóri stjórnslusviðs Suðurnesjabæjar ávarpaði samkomuna, þakkaði fyrir að Sandgerði skyldi valin staðurinn fyrir ráðstefnuna og bauð lionskonur velkomnar í bæinn. Hún sagði síðan í stuttu máli frá Sandgerði og sameinuðu sveitarfélagi.

Aðalræðumaður var fyrrverandi alþjóðaforseti Guðrún Björt Yngvadóttir. Hún ræddi um mikilvægi þess að konur tækju í meira mæli áskorunum um að taka að sér leiðtogahlutverk innan hreyfingarinnar og almennt í lífinu. Hún lagði út af yfirskrift ráðstefnunnar „segðu já“ og hvatti konur til að segja já þegar þeim er boðið að taka að sér stjórnun verkefna, embætti innan hreyfingarinnar, í klúbbi, svæðis- eða umdæmisstjórn. Hún tók sem dæmi sína leið frá klúbbfélaga upp í sæti alþjóðaforseta sem aldrei hefði orðið, þrátt fyrir mikla hvatningu bæði innan lands og utan, ef hún hefði ekki sagt já.

Fulltrúar þátttöku klúbbanna sögðu síðan frá sínum klúbbi og gaman að heyra af mismunandi starfi innan þeirra.

Tækifærið var einnig notað til að heiðra fjóra einstakar konur sem hver og einn hefur verið brautryðjandi í störfum sínum í þágu Lionshreyfingarinnar ekki einungis hér á Íslandi heldur um allan heim. Þær eru Guðrún Björt Ingvadóttir Lkl. Eik í Garðabæ fyrrverandi alþjóðaforseti 2018 - 2019. Laufey Jóhannsdóttir Lkl. Eik Garðabæ og Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold Reykjavík sem voru fyrstar kvenna til að gegna stöðu umdæmisstjóra í umdæmum 109A og 109B, Laufey var auk þess fyrsta konan til að gegna stöðu fjölumdæmisstjóra. Jenný Harðardóttir Lkl. Garði fyrst kvenna í Evrópu að gerast lionsfélagi þegar konum var leyft að skrá sig í hreyfinguna 1987.



Þau markmið að styrkja tengsl milli okkar lionskvenna víðs vegar af landinu og fræðast um aðra klúbba náðust sannarlega. Hvort þingið skilar fleiri konum inn í hreyfinguna eða fleiri konur segja já þegar til þeirra er leitað með að taka að sér hlutverk leiðtogans leiðir tíminn í ljós. Allt um það þá er svona samkoma til þess fallin að auka samkennd og samstarf milli klúbba og milli umdæmanna og þá er ávinningur af. Umgjörð og skipulag þingsins var til fyrirmyndar í alla staði. Nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar skemmtu þingfulltrúum með tónlistarflutningi, sannarlega efnilegir tónlistarmenn og unun á að hlíða.

Að lokum þökkum við öllum þátttakendum og þeim sem komu að skipulagi málþingsins, þetta verður sannarlega endurtekið. Segjum já og mætum.

*Þóra Bjarney Guðmundsdóttir umdæmisstjóri 109A
Anna Fr. Blöndal umdæmisstjóri 109B*



Samstarfsyfirlýsing Lions og Blindrafélagsins undirrituð



Fjölumdæmisstjóri ásamt lionsfélögum.



Fyrirtæki heiðruð fyrir samstarfið við Blindrafélagið.




Fimmtudaginn 14. október, á Alþjóðlega sjónverndardaginn, undirrituðu Lions á Íslandi og Blindrafélagið samstarfs-samning um söfnun fyrir blindrahundum með sölu á Rauðu fjöðrinni. Nokkrir lionsfélagar mættu á samkomuna og fylgdust með þegar að Þorkell Cýrusson fjölumdæmisstjóri og Sigþór Hallfredsson formaður Blindrafélagsins skrifuðu undir samninginn. Opið hús var hjá Blindravinnustofunni í tilefni af 80 ára afmæli hennar og var kynnt fyrir félagsmönnum ýmis hjálpartæki til stuðnings fyrir blinda og sjónskerta voru til sýnis í Blindraheimilinu. Einnig var Hljóðbókasafn Íslands með kynningu á sinni þjónustu á staðnum. Blindrafélagið heiðraði nokkur fyrirtæki fyrir sitt frábæra samstarf áliðnum árum m.a. Bónus sem hefur stutt vel við bakið á Blindrafélaginu m.a. fyrir að selja vörur Blindravinnustofunnar og var það Guðmundur Marteinsson, framkvæmdarstjóri, sem tók heiðurskjali frá þeim. O. Johnson & Kaaber fyrir dreifa vörum þeirra.


Doktor Jón Jóhannes Jónsson hélt erindi um genaskimun – sem er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og LSH. Björk Arnardóttir, ráðgjafi og hundapjálfari sagði frá starfi sínu sem hundapjálfari og mikilvægi þess að fá fleiri hunda til landsins. Svanhildur Anna Sveinsdóttir sagði frá reynslu sinni en hún hefur haft 2 hunda sér til liðsinnis. Már Gunnarsson sagði frá því hvað það væri mikill munur að vera kominn með hund en hann hefur verið að bíða eftir um langan tíma. Hann hafði það á orði m.a. að hundurinn bætti lífsgæði hans til muna. Því næst steig í pontu Þorkell Cýrusson fjölumdæmisstjóri og sagði stuttlega frá Lionsshreyfingunni, starfi hennar og Rauðu fjöðrinni. Því næst var komið að því að skrifa undir samstarfsyfirlýsinguna. Á þessu ári varð Blindravinnustofan 80 ára sem er mikið afrek á starfi sem er byggt á hugsjónum og hefur vaxið með árunum.

Rauða fjöðrin, landssöfnun Lionsshreyfingarinnar til styrktar leiðsöguhundaverkefninu er ætluð á þessu starfsári. Lionsshreyfingin á Íslandi ásamt Blindrafélaginu hafa þegar skipulagt söluna og verður hún kynnt á þessum vettvangi, á heimasíðu Lions og á Facebook, Lions mál áður en langt um líður.

Sigfríð Andradóttir
GMT fulltrúi 109A



Sigþór Hallfredsson setur samkomuna.



Björk Arnardóttir, ráðgjafi og hundapjálfari.



Svanhildur Anna Sveinsdóttir.



Már Gunnarsson.



Þorkell Cýrusson fjölumdæmisstjóri.



Doktor Jón Jóhannes Jónsson.



Skrifað undir samstarfsamninginn.

Lionsklúbburinn Æsa




Við félagarnir í Lionsklúbbnum Æsu erum búnar að hittast 6 sinnum á þessu starfsári, þar af hafa verið haldnir 2 hefðbundnir fundir.

Við hittumst á Hótel Keflavík, sem er með góða aðstöðu til fundahalda og býður upp á góðan mat. Á fyrsta fundinum kynnti stjórnin markmið sín og áherslur og sýnina á starfið í vetur.



Annar fundurinn var haldinn í Hljómahöllinni, þar sem Aníta Engley Guðbergisdóttir, starfsmaður Hljómahallar, sýndi okkur húsið og og sagði okkur frá ýmsum merkum hlutum í Rokksafninu. Frábær fundur í alla staði og eins og alltaf eftir fundi fóru konur glaðar heim.



Nokkrar konur úr klúbbnum gerðu tilraun til að safna birkifræjum en uppskeran var ansi rýr að þessu sinni eins og víðast hvar annars staðar.



Þriðji fundur vetrarins var hefðbundinn. Nýr liður á dagskránni er „Tökum lagið“ en þar syngjum við saman eitt lag við undirspil formannsins Geirþrúðar F. Bogadóttur. Eftir sönginn var komið að Fróða, þemað í ár er fróðleikur um blóm, en eins og margir vita stendur klúbburinn fyrir blómamarkaði á hverju vori. Að þessu sinni voru það Elín Halldóra Hermannsdóttir og Sigfríð Andradóttir sem sögðu frá Skógarmölvu og Strútslilju í óbundnu og bundnu máli ásamt því að sýna myndir. Eftir matarhlé kom gestur kvöldsins Helgi Arnarsson, sviðsstjóri Fræðsluviðs Reykjanesbæjar og sagði okkur frá nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar 2021 – 2030, sem ber yfirskriftina „Með opnum hug og gleði í hjarta“.



Fjórdi fundur vetrarins var óhefðbundinn og að þessu sinni í höndum Féлага- og kynningarnefndar. Við heimsóttum Brunavarnir Suðurnesja í nýja húsnæðið þeirra í Reykjanesbæ og fengum frábærar móttökur. Sigurður Skarphéðinsson, varaslökkviliðsstjóri og Bjarni Rúnar Rafnsson, slökkviliðs- og sjúkraflutningsmaður, sögðu okkur frá starfseminni, sýndu okkur húsnæðið og margvíslegan búnað. Það var ánægjulegt að sjá og heyra góðar sögur af tækjum og tólum sem Lionsklúbburinn Æsa hefur komið að við að safna fyrir og gefa.



Laugardaginn 23. október tóku 10 Æsur þátt í velheppnuðu Málþingi Lions í Sandgerði. Það var góður dagur í góðra vina hópi.

Með lionskveðju
f.h. Féлага- og verkefnanefndar
Sigfríð Andradóttir

Lionsklúbburinn Úa hélt á leið í fullvissuferð 02. október

Að morgni laugardags lögðu Úur af stað í langþráða skemmtiferð. Ferðinni var heitið í Hveragerði að heimili félaga okkar sem þar býr og rekur „Reykjadalur Gesthouse“. Heimiliskötturinn Blíðfinnur ásamt Þorbjörgu Friðriksdóttur og Bryndísi Ragnarsdóttur tóku á móti okkur. Sagt er að dýrin líkist eigendum sínum, en þvílík hlýja sem stafaði frá dýrinu. Glæsilegar veitingar fengum við hjá Tobbu, mikið var spjallað og hlegið. Í heimsókn kom spákonan Anna Birta Lionaraki, reyndist hún búa yfir meiru en spámennsku og kom okkur verulega á óvart. Var hún bæði skemmtileg um leið og hún fór vel með viðkvæma hluti.

Næst var Listasafn Árnesinga heimsótt og tók listfræðingur safnsins á móti okkur. Sáum m.a. verk listakonunnar Rósku, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Inger – Johanne Brautaset „Hafið kemst vel af án okkar“.

Keyrt var síðan til Selfoss.

Við Nytjamarkaðinn beið okkar Aron Hinriksson sem sagði okkur frá því góða starfi. Nytjamarkaðurinn hefur stutt við ýmis félagasamtök og einstaklinga. Þarna var ýmislegt á milli himins og jarðar sem fólk er að gefa m.a. frá dánarbúum og eða hluti sem geta nýst öðrum. Úr þessu verður peningur sem reynist vel þeim sem þurfa á að halda. Úur létu ekki kyrrt eftir liggja og versluðu glaðar í bragði um leið og þær lögðu lið.

Nýi bærinn á Selfossi var skoðaður, kíkt inn í verslanir, margt að sjá og gaman að skoða. Þess virði að heimsækja þennan bæ aftur.

Þaðan var haldi að Flúðum í Eþíópískt veitingahús þar sem við fengum framandi og góðan mat. Umhverfið er með ýmsum munum frá Eþíópíu sem gaman er að skoða.

Það var ánægjulegt að fá nýjan félag í klúbbinn, en Sólveig Garðarsdóttir var formlega tekinn inn. Hún er búin að vera með okkur á þriðja ár, setið fundi og tekið þátt í ýmsu með klúbbum áður en hún tók endanlega ákvörðun að gerast félagi. Einnig má geta þess að félagi okkar Sonja I. Einarsdóttir sem nýlega varð sextug, fékk afhent afmælskort frá LCIF (alþjóða hjálpar sjóði Lions). Í stað þess að kaupa gjöf, leggur klúbburinn upphæð í LCIF hjálpar sjóðinn.

Sælar og kátar Úur heldu heim á leið með tilhlökkun í hjarta að hittast á klúbbfundi mánudaginn 4.október.

Kveðja,
Skemmtinefndin.
Halldóra, Dagný,
Elín, Bryndís Hilmars,
Svanhvít og Tobba.



Í Hoeragerði. Þorbjörg Friðriksdóttir (standandi), til hægri frá henni, Ósk Aradóttir, Adalheiður Gústafrsdoottir, Halldóra Halldórsdóttir, Kristín Davíðsdóttir, Bryndís Hilmarsdóttir, Sonja Einarsdóttir, Kristjana Fannberg, Bryndís Ragnarsdóttir, Svanhvít Magnúsdóttir, Elísabet Eiríksdóttir, Elín Magnúsdóttir, Dagný Finnsdóttir og Sólveig Garðarsdóttir.



Sonja I Einarsdóttir sextug, gjöfin er styrkur í Alþjóða hjálpar sjóði Lions. Með henni er Adalheiður Erna formaður. Kristín Davíðsdóttir ritari klúbbsins.



Inntaka nýr félagi, Sólveig Garðarsdóttir. Meðmælandi hennar Halldóra K. Halldórsdóttir. Formaður Úu, Adalheiður Gústafrsdoottir.



Nytjamarkaðurinn á Selfossi.

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Fyrstu haustlægdírnar hafa ruðst yfir Hafnarfjörð eins og aðra hluta landsins með miklum látum. Í þriðju viku í september var Esjan orðin alhvít ásamt byggðinni fyrir ofan bæinn okkar. Það er ekki annað að sjá en að við getum farið að starfa að fullum krafti eftir heldur óaðlaðandi tíma undanfarna mánuði. Vetrarstarfið er þegar hafið hjá okkur með sínum föstu liðum, fundarhöldum, fjáröflunum og að liðsinna þeim sem þurfa á hjálp að halda. Það var gaman að hitta félagana á fyrsta fundi í september og finna baráttuvilja þeirra fyrir nýjum verkefnum. Meðal fyrstu verkefna, var að Haraldur, fráfarandi formaður sæmði þá Magnús Aadnegard og Ellert Eggertsson, Progressive Melvin Jones orðu sem er í raun árétting klúbbsins um góð störf félagsins. Magnús hefur verið mjög virkur og duglegur við fjáraflanir fyrir klúbbinn en Ellert þarf vart

að kynna, allt lionsfólk þekja hann af góðum störfum fyrir hreyfinguna. Úlfur Atlason okkar yngsti Lionsfélagi var umdæmisritari á síðasta ári, Ellert færði Úlfi viðurkenningu frá Alþjóða forseta Dr. Jung-Yul Choi, fyrir vel unnið starf. Úlfi var falið það verkefni á næstu vikum að kynna Lions starfið fyrir nemendum í Flensborgarskóla ásamt Ingvari Viktorssyni sem er í stjórn skólans. Á fyrsta fundi í október heiðruðum við Jón Gunnar Stefánsson sem varð níræður í júní en Jón er fyrrum umdæmisstjóri í 109B og fjölumdæmisstjóri þegar hann var félagi í Lionsklúbbi Öndarfjarðar. Góðan gest fengum við á fundinn sem var Þorvaldur Þórðarson, prófessor í bergfræði og eldfjallafræði við Háskóla Íslands. Hann rakti sögu eldgossins í Geldingadölum og sagði frá þróun þess og sýndi myndir og sagði frá fyrsta klukkutímanum er gos hófst og til þessa dags á mjög skemmti-

legan, líflegan og fræðandi hátt. Þótt gos liggi nú niðri er ekkert hægt að segja neitt um goslok, enn er hraunið mjög heitt og sést jafnvel glóð í gegn á kvöldin.

Stjórn klúbbsins skipa þeir, Geir Hauksson formaður, Jóhannes Örn Oliverson ritari og Steingrímur Þorvaldsson gjaldkeri. Fundað er annan og fjórða fimmtudag hvers mánaðar kl. 19.00 í Kænunni.

Gamli karlinn vetur er genginn í garð. Vonandi verður hann okkur Lions fólk til heilla og hamingju. Með Lions kveðju frá okkur í Hafnarfirði.


*Friðgeir H. Guðmundsson
Blaðafultrúi LKH*



**NÝIR MODEL KLÚBBAR HAFNA FREST
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**

Nóvember – myndasíða





Lionsklúbbur Laugardals



Lionsklúbbur Laugardals fékk sl. vetur styrk úr Vorviðarverkefni Skógræktarinnar og fékk Lúthlutað tveimur reitum í nágrenni Laugarvatns. Laugardaginn 2. október hittust svo nokkrir félagar úr klúbbnum í birkiskóginum vestast í þorpinu og plöntuðu 1.500 birkiplöntum. Vonandi verður framhald á þessu verkefni, enda vel við hæfi þar sem birkiplantan er tákni klúbbsins.

Gunnar Júlíusson og Niels Bjarki Finsen, upplýsinga- og kynningarnefnd Lkl. Laugardals.



Lionsklúbburinn Ýr



Hér eru nokkrar myndir frá Lionsklúbbnum Ýr í Kópavogi. Myndirnar eru frá ýmsum viðburðum hjá klúbbnum. Þarna eru myndir sem teknar voru þegar við fórum í birkisöfnun og frá langþráðri haustferð sem farin var í sumarbústað. Þar var mikið líf og fjör. Þarna er líka mynd

frá bleika deginum og þegar við fórum í leikhús og sjáum leikritið „Bíddu bara“ og þar var mikið hlegið og allar skemmtu sér vel.

Guðveig



HVATNING!

Kæru Lionsfélagar.

Við í félagateyminu (GMT) höfum, eins og „allir“, rekið okkur á hversu óþægilegt það er að fá ekki svar við tölvupóstum, jafnvel þó óskað sé eftir að viðtakandi staðfesti móttöku.

Spurningar vakna: Er þetta rétt netfang? Barst tölvupósturinn ekki á réttan stað? Ætli viðtakandinn sé í frii?

Oft endar sendandinn á því að hringja til að spyrjast fyrir. „Jú, jú ég fékk póstinn um daginn, átti bara eftir svara – móttekið“.

Það sparar fyrirhöfn og tíma að sendandi fái staðfestingu á að pósturinn barst í réttar hendur.

*Það er hvatning og góður siður,
og virðing við alla hér,
að svar til baka berist,
bæði frá mér og þér.*

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Glæsileg opnun augnlæknastofu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum



Ný og fullkomin aðstaða til augnlækninga var formlega vígð á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum föstudaginn 1. október síðastliðinn.

Það var mikill gleðidagur í Vestmannaeyjum og mikill fjöldi manna mættur við athöfnina sem var haldin í húsakynnum HSU í Vestmannaeyjum. Díana Óskarsdóttir forstjóri HSU bauð fólk velkomið og kynnti þessa nýng í þjónusu HSU sem er tilraunaverkefni sem unnið er í samvinnu við Sjónlag hf í Reykjavík. Starfsmaður HSU í Vestmannaeyjum hefur verið þjálfaður til að nota tækin sem sendir stafrænar myndir til sérfræðings Sjónlags í Reykjavík til greiningar. Þjónustan mun nýtast bæjarbúum í greiningum og eftirliti á augnsjúkdómum. Þetta er gríðalega spennandi verkefni í fjaraugnlækningum sem er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og fékk HSU nýsköpunarstyrk stjórnvalda upp á tæpar 10 milljónir króna á síðasta ári í þetta verkefni. Kveikjan að verkefninu má rekja til þess að erfiðlega hefur gengið að fá augnlækna til Vestmannaeyja sem og á aðra staði á landsbyggðinni, auk þess sem sérhæfing á þessu sviði er orðin mun meiri en áður. Ég vona svo sannarlega að bæjarbúar muni nýta sér þessa farþjónustu sem nú verður í boði á HSU og mun hún án efa fækka ferðum íbúa Vestmannaeyja til Reykjavíkur. Ég vil koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa komið að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti og óska bæjarbúum, HSU og Sjónlagi til hamingju með þetta spennandi tilraunaverkefni sem ég vona að eigi eftir að þróast áfram og vaxa á landsvísi á komandi misserum sagði Díana í lok ræðu sinnar.

Sigmar Georgsson formaður verkefnaneftar Lionsklúbbs Vestmannaeyja var næstur á mælendaskrá og fór í stórum dráttum yfir upphafið á þessu verkefni sem hófst með fundarhöldum með Hirti Kristjánssyni fyrirverandi framkvæmdastjóra sjúkrahússviðs HSU. Næsta skref var kynning á verkefninu að frumkvæði og hvatningu frá Kristínu Þorfinnsdóttur, Kristófer Tómassyni og Jónasi Yngva Ásgrímssyni á svæðisfundi Lions haustið 2019 sem haldinn var á Hestakránni á Suðurlandi. Þar kom upp hugmyndin um umsókn í Alþjóðahjálparþjónuð LCIF í þetta spennandi sjónverndarverkefni og nokkrir klúbbar sýndu strax áhuga að aðstoða og vera með í umsókninni til LCIF þar sem þetta var fjárfrekt verkefni og fleiri klúbba verða að vera með í umsókninni til að ná fullu jöfnunarframlagi frá LCIF. Fjáröflun var fljótlega sett af stað og fyrirtæki og félagasamtök heimsótt og verkefnið kynnt af okkur lionsmönnum. Stjórnendur fyrirtækja og stofnana tóku vel á móti okkur og fannst frábært að LCIF kæmi með helming fjármagns til tækjakaupanna og í aprilmánuði 2020 var búið að safna yfir 12 milljónum króna í Vestmannaeyjum og mánuði seinna eða 20 maí 2020 fengum við staðfestingu frá LCIF að við hefðum fengið úhlutað fullum styrk úr sjóðnum og nú var búið að full fjármagna verkefnið.

Sigmar þakkaði því ágæta lionsfólki sem kom að gerð umsóknarinnar til LCIF og þá sérstaklega Kristínu Þorfinnsdóttur, Kristni Hannessyni, Guðrúnu Björt Yngvadóttur og Jóni Pálmasyri fyrir alla vinnu þeirra og hjálpssemi við verkefnið. Tækjabúnaðurinn kostar alls kr. 24.049.501 og saman stendur af

fimm fullkomnum tækjabúnaði sem er sjónsviðsmælir, sneiðmyndateki, raufarlampi, augnbotnamyndavél og augnþrýstímælir. Aðalfjármögnunin kemur frá Alþjóðahjálparþjónuð Lions LCIF en helmingur fjármögnunarinnar kemur frá sjóðnum. Lionsklúbbur Vestmannaeyja leiddi söfnunina meðal félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga í Vestmannaeyjum, sem eru bakhjarlar gjafarinnar sem er afhent í nafni LCIF. Aðrir lionsklúbbar sem tóku þátt í verkefninu með Lionsklúbbi Vestmannaeyja eru Lionsklúbburinn Geysir í Biskupstungum, Lionsklúbburinn Skjaldbreiður í Grímsnesi, Lionsklúbbur Selfoss og Lionsklúbburinn Víðarr Reykjavík. Það er alveg ljóst að þetta stórkostlega framtak og samvinna lionsmanna hefur gert svona gríðastórt og viðamikil verkefni að veruleika. Alþjóðahjálparþjónuð Lions hefur styrkt okkur Vestmannaeyinga áður. Einn af fyrstu styrkjum sjóðsins til Íslands var einmitt til Sjúkrahús Vestmannaeyja vegna eldgossins á Heimaey árið 1973. Sjóðurinn kom okkur Vestmannaeyingum til aðstoðar og sá um að fjármagna og útbúa Sjúkrahúsið sem þá var verið að innrétta, öllum þeim búnaði, tækjum og húsbúnaði sem til þurfti svo hægt væri að opna stofnunina sem allra fyrst. Þessi stórgjöf var metin á þeim tíma alls að andvirði yfir 20 einbýlishúsa.

Hér í dag eru með okkur einstaklega góðir gestir, þau hjónin Kristinn Hannesson alþjóðastjórnarfulltrúi Lions og kona hans Dagný Finnsdóttir. Ég vil biðja Kristinn Hannesson að koma hingað upp og ætla að biðja hann að afhenda tækjabúnaðinn formlega fyrir hönd LCIF.

Kristinn Hannesson byrjaði á að þakka fyrir þann heiður að fá að afhenda gjöfina og þakkaði sérstaklega lionsmönnum í Vestmannaeyjum hversu vel þeim tekst að halda heiðri Lions á lofti.

Síðan bað hann Díönnu Óskarsdóttur forstjóra HSU að koma og taka við gjafabréfi fyrir fullbúinni augnlæknastofu.

Kristinn las upp gjafabréfið, sem hann afhendir í nafni LCIF.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja afhendir í samvinnu við og fyrir hönd Alþjóðahjálparstöð Lions LCIF með bréfi þessu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum eftirfarandi tækjabúnað:

- HFA 840 Sjónsviðsmælir
- CIRRUS 5000 Sneiðmyndatæki
- SL 220 Raufarlampi
- Clarus 500 Augnbotnamyndavél
- ICARE IC200 augnþrýstimælir

LCIF lagði til helming fjármagns til kaupa á framangreindum tækjum og Lionsklúbbur Vestmannaeyja úvegar helming fjármagnsins en Lionsklúbbur Vestmannaeyja hefur staðið fyrir ýmiskonar fjáröflun og safnað fé til kaupa á tækjunum með söfnun meðal einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í Vestmannaeyjum, sem eru bakhjarlar þessarar gjafar.

Það er forsenda gjafarinnar að tækin efli starfsemi stofnunarinnar í Vestmannaeyjum, séu ávallt í nothæfu ástandi og að til staðar á stofnuninni í Vestmannaeyjum séu starfsmenn sem hafi þekkingu til að nota tækin.

Er gjöfin bundin þeirri ófrávíkanlegu kvöð

að tækin séu staðsett og notuð á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum.

Breytingar á framangreindu er ekki heimilt að gera nema með samþykki gefenda.

Kristinn sagði í stuttu máli frá starfsemi alþjóðahjálparstöðsins og starfi Lionshreyfingarinnar almennt. Þetta verkefni er Lionsklúbbi Vestmannaeyja til mikils sóma og frábært í ekki stærra byggðarlagi og Vestmannaeyjar eru, að ná að fá til liðs við sig 50 fyrirtækjum og félagasamtökum í svona fjárfrekt og risastórt verkefni. Eyjamenn, HSU og Sjónlag til hamingju með þetta stóra framfaraskref fyrir heilbrigðisþjónustuna í Vestmannaeyjum.

Jónmundur Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri Sjónlags kom í ræðustól og sagði frá starfsemi Sjónlags augnlæknastöð sem mun sjá um augnlæknastofuna á HSU í Vestmannaeyjum. Sjónlag var stofnað árið 2001 og er í fararbroddi hér á landi hvað varðar tæknibúnað og þjónustu við sjúklinga. Hjá Sjónlagi starfa átta augnlæknar, þrjár sjóntækjafræðingar og fimm hjúkrunarfræðingar ásamt öðru starfsfólki.

Tækin sem keypt voru til Eyja, komu öll nema eitt frá sama framleiðanda sem er ZEISS, sem gerir það að verkum að tækin eru öll að vinna á sama forriti sem auðveldar mjög alla úrvinnslu. Tækin eru það fullkomnasta sem til væru í heiminum í dag.

Jónmundur Gunnar bauð síðan öllum viðstöddum að koma upp á þriðju hæð, þar

sem augnlæknastofan er staðsett í rúmgóðu herbergi og þar fór Ólafur Már Björnsson augnlæknir yfir tækjabúnaðinn og útskýrði hvernig tækin vinna og sýndi okkur úrvinnsluna myndrænt.

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri bað um orðið og fagnaði mjög þessum merku tímamótum og eflingu heilbrigðisþjónustu í Vestmannaeyjum. Hún kallaði til sín Sigmar Georgsson formann verkefnaneftdar Lionsklúbbs Vestmannaeyja og þakkaði honum fyrir góða forystu og dugnað í verkefninu og bað hann að taka við blómvendi frá bæjarstjórn Vestmannaeyja sem þakklætisvott fyrir alla þá miklu vinnu og þrautseigju við verkefnið sem hefur staðið í næstum tvö ár og það að hafa aldrei tapað trúnni á verkefninu, þegar hindranirnar voru æði margar og erfiðar á leiðinni að settu markmiði. Óskaði hún öllum til hamingju með opnum augnlæknastofunum og ljóst er að Eyjamenn fá stórauðna þjónustu með nýjum og fullkomnum tækjabúnaði.

HSU í Vestmannaeyjum bauð gestum að endingu upp á frábærar veitingar og var létt yfir fólki á þessum frábæra degi.

Bestu kveðjur
Óskar Pétur Friðriksson ritari og ljósmyndari



Lionsklúbburinn Ásbjörn



Lionsklúbburinn Ásbjörn verður 50 ára 2023 og hefur frá upphafi verið Lmjög öflugur klúbbur sem nú telur 40 félaga. 40% félaga er undir 70 ára aldri og sá yngsti er 51 árs. Klúbburinn er með góða aldersdreifingu og skiptingu eftir starfsstéttum.

Nýjasta fjáröflun klúbbsins er kótilettukvöld og var það fyrsta haldið í byrjun október á þessu ári. Er hún til viðbótar við aðalfjáröflun klúbbsins sem hefur verið bjórhátíð sem haldin er fyrsta föstudag í mars á hverju ári til að minnast þess að 1. mars 1989 leyfðist Íslendingum að kaupa bjór með löglegum hætti í fyrsta sinn síðan árið 1915. Hefur hátíðin verið haldin æ síðan með undantekningu 2021 þegar sóttvarnir vörnuðu.

Þekktastur er klúbburinn líklega fyrir Ásbjarnarreit en þar hafa nær allir alþjóðaforsetar frá árinu 1998 gróðursett tré á skógræktarsvæði klúbbsins en margir þeirra hafa einnig gengið Værðarstíginn sem var lagður til minningar um Gísli Geirsson sem lést árið sem hann var formaður klúbbsins. Auk þessara verkefna þá sinnir klúbburinn mörgum samfélagslega mikilvægum verkefnum auk stuðnings við alþjóðaverkefni og LCIF sjóðinn.

Formaður klúbbsins er Magnús Gunnarsson, framkvæmdstjóri Hauka í Hafnarfirði.





Minning † Jón Valgarður Danielsson



Undir kjörordinu „við leggjum lið“ hefur Lionsklúbburinn Fjörgyn lagt áherslu á að leggja börnum og unglingum lið, m.a. með styrkveitingum til Barnaeildar Hringins og Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans (BUGL). Grunnur að öflugum starfi við líknarmál er gott félagsstarf Fjörgynjar, sem leitt hefur af sér sterka vináttu og samstöðu meðal Fjörgynjarmanna. Síðastliðið sumar var komið að því að kveðja einn úr vinahópnum.

Jón Danielsson gekk í Lionsklúbbinn Fjörgyn snemma árs árið 2013. Hann var opin og félagslyndur og féll því fljótt inn í hópinn. Klúbburinn og félagarnir voru Jóni hjartans mál og hann var sérstaklega stoltur af því að tilheyra Lionsshreyfingunni. Jón var ekki fyrir ræðumensku en þess í stað lagði hann sitt til málanna í spjalli á félagsfundum og alltaf var stutt í hláturinn. Með léttu lundarfari lagði hann sitt af mörkum við að viðhalda góðum félagsanda, sem er lykilþáttur í öflugum Lionsstarfi. Þá var Jón drjúgur þegar kom að vorferðum Fjörgynjar, sem farnar eru í lok hvers starfsárs. Ófáar ferðir ók Jón rúttunni af mikilli fagmensku og er sérstaklega

eftirminnileg tveggja daga ferð okkar félaga og maka, sem farin var fyrir nokkrum árum í tilefni 25 ára afmælis klúbbsins.

Að leidarlokum kveðjum við Fjörgynjarmenn góðan féлага með söknuði, en jafnframt þakklátir Jóni fyrir allar samverustundirnar og störf hans í verkefnum klúbbsins, sem og fyrir Lions.

Ávallt varstu vinur kær og vinnusamur maður óskastjarnan afar skær enda velviljaður. Ferðin þín til Lions lá lífið gaf þér mikið vildi gjarnan fleiri fá fyrsta augnablikið. Þú munt öðlast æðri sýn andinn fær að dreyma sannir vinir sakna þín seint við munum gleyma.

Höf: Eggert J Levy

F.h. féлага í Lionsklúbbum Fjörgyn
Sigmar Arnar Steingrímsson
Formaður 2020-2021

Alþjóðaforseti Lions heimsækir Ísland

Alþjóðaforseti Lions, Douglas X. Alexander frá New York, Usa heimsækir Ísland dagana 15. til 18. nóvember nk. Ég hvet ykkur kærni lionsfélagar að missa ekki af tækifærinu til að hitta forseta Lions á meðan á dvöl hans stendur hér á Íslandi. Dagskrá hefur verið skipulögð 16. og 17. nóvember fyrir hann þar sem ýmis verkefni okkar verða kynnt fyrir honum ásamt því hvað Ísland er að gera í umhverfismálum. Þau verkefni önnur sem við kynnum fyrir honum eru sjónvernd (Sjónlag), umhverfismál og svo hittir hann Björgunarsveit Hafnafjarðar og kynnir sér starfsemi hennar í fylgd bæjarstjóra Hafnafjarðar. Lionsklúbbur Hafnafjarðar er styrktaraðili sveitarinnar. Hann mun síðan hitta forseta Íslands að Bessastöðum. Eins mun hann

planta tré í Ásbjarnarlundi í Hafnarfirði. Ykkur gefst kostur á að hitta hann þriðjudaginn 16. nóvember en þá verður opið hús í Lionsheimilinu að Hlíðasmára 14 í Kópavogi frá klukkan 17:00 til 19:00. Douglas forseti hefur mikinn áhuga á að hitta almenna lionsfélaga ásamt klúbbstjórnnum. Fjölmönnum og bjóðum Douglas Alexander velkominn til Íslands. Douglas hvetur okkur til að takast á við nýjar áskoranir og segir „við leggjum lið með hjartanu“.

Porkell Cýrusson, fjöllumdæmisstjóri

OPIÐ HÚS Lionsheimilinu

Hlíðasmára 14, Kópavogi
þriðjud. 16. nóv. kl. 17:00-19:00



Einstakt tækifæri til að hitta
Douglas Alexander
alþjóðaforseta Lions 2021-2022

Douglas forseti vill gjarnan hitta
klúbbstjórnir og almenna Lionsfélaga.
Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Einnig vill hann hitta núverandi, verðandi
og fyrrverandi leiðtoga Lions á Íslandi.

Allir velkomnir
Fjölmönnum

